

Hvað er ASP?

ASPnetið er alþjóðlegt samstarfsnet skóla sem vilja starfa í anda UNESCO. ASPnet stendur fyrir Associated Schools Project Network og um þessar mundir eru um 7000 skólar í 171 landi í þessu samstarfi, barnaskólar, unglinga- og framhaldsskólar. Við það að undirgangast þetta samstarf hafa skólarnir valið að taka þátt í fræðslu um frið í alþjóðlegu tilliti jafnframt því að skuldbinda sig til að taka upp eitt eða fleiri af fjórum temum ASP-netsins sem öll eiga það sammerkt að tengjast uppfræðslu um frið og lýðréttindi. Þessi fjögur temu snúast nánar um eftirfarandi.:

- Alþjóðasamstarf og hlutverk SP
- Mannréttindi og lýðræði
- Alþjóðleg umhverfismál
- Gildi ólíkra menningarverðmæta

Markmið

Markmið ASP-skólanna má almennt segja að sé:

- > að efla alþjóðlega hugsun nemenda
- > að örva og hvetja til samstarfs á þjóðlegum og alþjóðlegum grunvelli
- > að auka gæði kennsluaðferða og innihalds kennslu og námsefnis

Í ASP-netinu hafa skólarnir möguleika á að útfæra samstarfsverkefni sín í anda þeirra tema sem áður voru nefnd í samstarfi innlendra skóla eða skóla í öðrum löndum. Og sem þátttakendur í skólaneti UNESCO hafa skólarnir möguleika á:

- > að taka þátt í alþjóðlegum fræðsluverkefnum
- > að taka þátt í samkeppnum
- > að prufukeyra nýtt námsefni
- > að miðla skoðunum og kennsluaðferðum við aðra skóla
- > að taka þátt í þjóðlegum og alþjóðlegum samkomum

Staðbundið starf

Landsnefndum UNESCO ásamt menntamálaráðuneyti hvers lands er boðið að stofna net skóla sem hafa áhuga á að standa að verkefnum og tilraunastarfi í því augnamiði að auka gæði náms, sérstaklega í siðferðilegu tilliti, menningarlegu og alþjóðlegu með því að þróa áhrifaríkar kennsluhugmyndir, aðferðir og námsefni. Þetta net er hannað til þess að hafa margföldunaráhrif með útbreiðslu upplýsinga um hvaða árangri er náð þannig að aðrir skólar í landinu megi læra af þeim verkefnum og stofna til svipaðra verkefna. Þess eru mörg dæmi þar sem ASP-netið stuðlar beinlínis að endurbótum í menntun og nýjungum í skólastarfi í ýmsum aðildarlöndum UNESCO.

Svæðabundið starf

Þrátt fyrir augljósan mun eiga lönd á sama svæði (álflu) heimsins sér marga samnefnara svo sem tungumál, trúarbrögð og menningu. Til þess að styrkja þessi bönd er hvert svæði hvatt til þess að setja upp sérstaka aðgerðaáætlun. Hún getur verið í formi svæðisbundinna námskeiða eða málstofa fyrir þá sem samhæfa starfið í hverju landi fyrir sig (national

coordinators), námskeiða fyrir fyrir kennara um kennslu, um samskipti kennara og nemenda, og verkefni eða viðburði sem sprottin eru á svæðinu, þó er sérstök áhersla lögð á verkefni sem á ýmsan hátt eru leiðandi eða til fyrirmyndar (flagship projects).

Alþjóðlegt starf

Greitt er á ýmsan hátt fyrir miðlun upplýsinga af öllum sviðum skólustarfs, hvatt er til þess að leiðandi verkefni séu sett á laggirnar og að efnt sé til sérstakra viðburða eða baráttumála eða samkeppni ýmiss konar – til að stuðla að auknu samstarfi og samskiptum milli stofnana sem taka þátt í þessu starfi.

Kennsluverkefni

1. Mál sem varða alla jarðarbúa og snerta hlutverk Sameinuðu þjóðanna:

Æskilegt er að velja viðfangsefni sem koma öllum jarðarbúum við s.s. fátækt, hungur, farsóttir, atvinnuleysi, mengun, ólæsi, menningarvitund (cultural identity), málefni kvenna, mengun o.s.frv. Mælt er til þess að ýmsar hliðar vandans séu kannaðar, út frá því hvernig vandinn birtist í næsta nágrenni, í landinu sem og í alþjóðlegu tilliti. Um leið og nemendur leita að hugsanlegum lausnum vandans þá kemur núverandi og væntanlegt hlutverk SP og stofnana þess betur í ljós og verður áþreifanlegra. Með því að skoða „International and United Nations Years and Days“ má einnig hjálpa nemendum að staðsetja þessi mál með hliðsjón af þeirra lífi í nútíð og framtíð.

2. Mannréttindi, lýðræði og umburðarlyndi:

Skólar velja sér gjarnan sem útgangspunkt Mannréttindayfirlýsingu SP, Barnasáttmála SP eða „Decade of Education for Human rights (1995-2004)“. Umræður ættu að fara fram út frá reynslu nemenda og fara þaðan í stærra samhengi í umfjöllun um rétt annarra. Ætti að sníða þetta að þeirra rétti, en einnig skyldum þeirra og ábyrgð. Um þessar mundir miða mörg verkefni sem snúast um mannréttindi að því að útrýma vægðarleysi (í skoðunum), kynþáttafordómum og öðrum fordómum og því að styrkja fræðslu um lýðræði, gagnkvæma virðingu, borgaralega ábyrgð, umburðarlyndi og lausn deilumála án beitingu ofbeldis.

3. Fjölmennningarlegt nám:

Þar sem samfélög verða söðugt fjölmenningar- og fjölþjóðlegri verður auðveldara að læra um menningu ólíkra þjóða í heimalandi. Hafa má samband við foreldra eða nemendur af öðrum uppruna (en algengast er), innfædda, innflytjendahópa og eins við sendiráð og menningarmiðstöðvar annarra þjóða. Slíkir hópar og samtök eru ómetanleg stoð upplýsinga og gætu hjálpað við að stuðla að betri skilningi og virðingu fyrir öðrum síðum, hefðum og gildum með því að efna til sýninga eða með því að útvega fólk til að tala til nemenda um land sitt og þátt þess í fjölskyldu Sameinuðu þjóðanna.

4. Umhverfismál:

Þetta þema gefur nemendum möguleika á að tengja alþjóðleg málefni sem varða heiminn allan, einstaklingum, staðbundnum eða landsbundnum málefnum. Á þessu sviði er hægt að örva nemendur til að glíma við svæðisbundin vandamál sem snertaheimabyggð en getur leitt

til þess að úrræði verða til sem varða svipaðan vanda á jafnt þjóðlega vísu sem alþjóðlega. Viðfangsefni á þessu sviði fela í sér að kanna áhrif mengunar, orkuvinnslu, verndun skóga, rannsóknir sjávar og andrúmslofts, jarðvegseyðingu og varðveislu náttúruauðlinda, myndun eyðimerkur, gróðurhúsaáhrif, sjálfbæra þróun, endurvinnslu, og almennt séð með hvaða hætti vísindin móta framtíð mannkyns. Oft verður það í framhaldi af umfjöllun í skólum að verkefni sem miða að velferð samfélagsins líta dagsins ljós til að mæta staðbundnum þörfum.